Gjöld. Kr. Ar. **38**

		kr.	ar.	Kr.	Ar.
1.	Skuld vegabótasjóðs Húnavatnssýslu við árslok 1874:				
	a, við reikningshaldara	117	10		
	b, — Engihlíðarhrepp samkvæmt brèfi amtsins 22—3—1875	9	95	127	5
2.	Fyrir vegabœtur á árinu 1875 er borgað:				
	a, í Húnavatns sýslu	779	20		
	b, - Skagafjarðar —	878	46		
	c, - Eyjafjarðar —	916	16		
	d, - Þingeyjar —	662	2		
	e, - Norðurmúla —	980	73		
	f, - Suðurmúla —	1345	97	5562	54
3.	Fyrir prentun ágrips af vegabótareikningum fyrir 1871 og 1872:				
	a, í Húnavatns sýslu	3	4		
	b, - Skagafjarðar —	2	70		
	c, - Eyjafjarðar —	2	68		
	d, - Þingeyjar —	3	37		
	e, - Norðurmúla —	2	83		
	f, - Suðurmúla —	2	95	17	57
4.	Eptirstöðvar við árslok 1875:				
	a, í Eyjafjarðar sýslu	22	72		
	b, - Þingeyjar —	525	83		
	c, - Norðurmúla —	874	10		
	d, - Suðurmúla —	1157	57	2580	22
	Gjöld samtals			8287	38

Gjald til búnaðarskóla í norður- og austuramtinu árið 1875. **39**

Tekjur. Kr. Ar.

		rd.	sk.		Kr.	Ar.
1.	Sjóður við árslok 1874:					
	a, í láni mót veði í fasteign og 4%	430	»			
	b, - — — — - — — 4%	650	»			
	c, - vörzlum amtsins	113	78			
	=	1193	78	eður	2387	62
2.	Vextir til 11. júní 1875:					
	a, af 430 rd. 4% til 11. júní 1873	17	20			
	b, — 650 — 4% — — — —	17	13			
	=	34	33	eður	68	68
3.	Búnaðarskólagjald vorið 1875:			kr.	ar.	
	a, af Húnavatns sýslu			225	29	
	b, — Skagafjarðar —			239	62	
	c, — Eyjafjarðar —			247	31	
	d, — Þingeyjar —			209	85	
	e, — Norðurmúla —			129	97	
	f, — Suðurmúla —			120	81	1172	85
	Tekjur samtals					3629	15

39 Gjöld. Kr. Ar

1. Sjóður við árslok 1875: kr. ar.
   a, lánað mót veði í fasteign og 4% vöxtum, samkvæmt tekjugrein 1. a. b. 1080 rd. eður . . . . . 2160 »
   b, lánað mót veði í fasteign og 4% vöxtum: kr.
   Jóni Stefánssyni $^{28}/_{5}$ 75 200
   Sigurði Guðnasyni $^{17}/_{6}$ 75 600
   Erlendi Jónssyni $^{11}/_{1}$ 75 100
   Guðjóni Jónassyni $^{5}/_{7}$ 75 200
   Marteini Halldórssyni $^{22}/_{9}$ 75 100
   Árna Stefánssyni $^{25}/_{9}$ 75 . . . . . 100 1300 »
   c, í vörzlum amtsins 169 15 3629 15
   Gjöld samtals 3629 15

Akureyri, 31. desemberm. 1876.
Christiansson.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

40 25. nóvbr. 1876 — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðinga um* prestvígslu hálfskólagengins manns. — Út af bónarbrjefi, er hingað kom með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 10. f. m., og þar sem Jón Bjarnason Straumfjörð, verzlunarþjónn, á nýjan leik fer því á flot, að hann megi vígjast til prests og sækja um eitt af þremur prestaköllum á Íslandi, er hann tilgreinir, þótt hann vanti hin nauðsynlegu skilyrði til að verða skipaður í andlegrar stjettar embætti, skal vísað til brjefs kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 25. okt. 1873[1], og yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að bœn þessi verður eigi veitt.

41 12. desbr. 1876 — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* silfurbergsnámann í Helgustaðafjalli. — Í þóknanlegu brjefi frá 28. septbr. f. á. skýrðuð þjer, herra landshöfðingi, frá því, að á síðasta alþingi hafi neðri deildin í stað stjórnarfrumvarpsins til laga um sölu á þeim $^{1}/_{4}$ silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli, er landssjóðurinn á, fallizt á frumvarp um að skora á stjórnina að sjá svo fyrir, að lögbanni því, sem samkvæmt brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 7. nóvbr. 1872[2] var lagt á, að eigandinn að $^{3}/_{4}$ pörtum námans ynni hann, yrði þegar af ljett, og náminn, að svo miklu leyti sem hann er landsins eign, unninn á kostnað landssjóðs; en þetta frumvarp hafi verið fellt í efri deild þingsins, er aptur á móti hafi fallizt á lagafrumvarp, er þar hafi verið upp borið, um heimild fyrir stjórnina til að kaupa þá $^{3}/_{4}$ parta námans í Helgustaðafjalli og jarðarinnar Helgustaða, sem landssjóðurinn ekki á, en þetta frumvarp hafi neðri deildin ekki viljað aðhyllast. Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið þessa skýrslu, hefir verið gjörð tilraun til að fá sameigandann til að vinna námann í fjelagi við stjórnina, en hann hefir neitað því, en hins vegar hefir ráðgjafinn þó ástœðu til að ætla, að hann muni enn vera tilleið-

1) Sjá Tíð. um stjórnarm. ísl. III. 679.
2) Sjá Tíðindi um stjórnarm. ísl. III. 532.